

Ed.

572. Breytingartillögur

við frv. til fátækralaga.

I. Frá Jóni Baldvinsyni.

1. Við 58. gr. Aftan við greinina bætist: enda gefi hann skriflegt leyfi sitt til þess flutnings.
2. Við 43. gr. Greinina skal orða svo:

Styrkur úr sveitarsjóði skal ekki afturkræfur af styrkþega, ef ástæðurnar til styrkveitingar eru: Elli eða ómegð styrkþega, heilsuleysi eða slys hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða atvinnuleysi hans.

Styrkur skal talinn veittur:

- a. vegna elli, ef styrkþegi er fullra 60 ára að aldri.
- b. vegna ómegðar, ef styrkþegi hefir 3 heimilistöst börn framfærsluskyld, er karlmaður á i hlut, en 1 barn skal talin ómegð, er kona á i hlut.
- c. vegna slysa eða heilsuleysis, ef styrkþegi sannar með vottorði læknis, eða tveggja skilríkra manna, þar sem ekki næst til læknis, að slys eða heilsuleysi hafi gert hann, eða einhvern, sem hann hefir á skylduframfæri, ófæran til vinnu 3 mánuði í senn.
- d. vegna atvinnuleysis, ef sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki vísað styrkþega á vinnu, sem hann geti haft sjer og sinum til lífsviðurværis.

Þessi ákvæði skulu einnig gilda um sveitarstyrk, sem áður hefir verið veittur.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk hvernær sem er.

3. Við 61. gr. Á eftir orðnum »hvernig honum skuli hagað« komi: og þurfalingur hefir gefið skriflegt leyfi sitt til flutningsins.

II. Frá *Ingvari Pálmasyni*.

Við 43. gr. Á eftir orðunum »að kveða svo á« í fyrstu málsg. komi: innan 6 mánaða.

Til vara: innan 3 mánaða.